

**ÚRSKURÐUR**  
**ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA**

---

**MÁL NR. 9/2015**

Kæra Heklu hf. á ákvörðun Neytendastofu 6. maí 2015 vegna lénsins heklacarrental.is.

1. Þann 9. nóvember 2015 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 9/2015: Kæra Heklu hf. á ákvörðun Neytendastofu frá 6. maí 2015. Í málinu úrskurða Hildur Dungal, Egill Heiðar Gíslason og Halldóra Þorsteinsdóttir.
2. Með kæru, dags. 2. júní 2015, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu frá 6. maí 2015 um að grípa ekki til aðgerða í tilefni af kvörtun kæranda vegna notkunar Go Car Rental ehf. á léninu heklacarrental.is.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum.

**MÁLAVEXTIR**

4. Með erindi kæranda, dags. 24. mars 2014, kvartaði fyrirtækið yfir skráningu og notkun Guðmundar Hlynns Gylfasonar, framkvæmdastjóra Go Car Rental ehf., á léninu heklacarrental.is. Taldi kærandi að með skráningu og annarri notkun sinni á léninu hefði Guðmundur Hlynur brotið gegn 15. gr. a laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sbr. 5. gr. sömu laga. Fór kærandi fram á að Neytendastofa bannaði Guðmundi alla notkun á léninu og legði fyrir hann að afskrá það.
5. Í erindinu er rakið að kærandi sé þjónustufyrirtæki á sviði bifreiða sem sérhæfi sig í sölu bifreiða og þjónustu tengdum þeim. Fyrirtækið hafi verið stofnað árið 1969 og njóti víðtæks einkaréttar á notkun orðsins „Hekla“ í viðskiptum hér á landi, sbr. skráningu þess hjá Einkaleyfastofu 21. ágúst 1975 sem orðmerki og síðari skráningar á öðrum útfærslum orðsins. Meðal vöruflokka sem þessi skráðu réttindi kæranda taki til sé flokkur 12: Ökutæki; tæki til flutninga á landi, í lofti eða á legi. Hafi kærandi styrkt hinn skráða vörumerkjarétt sinn enn frekar og skapað sér markaðsfestu með mikilli stöðugri, samfelldri og óbreytti notkun allt frá skráningu.
6. Þann 20. júlí 2011 hafi kærandi fengið starfsleyfi til að reka bílaleigu undir heitinu „Hekla – Bílaleiga“. Ensk þýðing á nafni bílaleigunnar sé Hekla Car Rental. Byggi kærandi rétt sinn til lénsheitisins „heklacarrental.is“ á nafni bílaleigu sinnar og notkunar og skráningu vörumerkis síns og firmaheitis.

7. Í erindinu er síðan rakið að þann 30. janúar 2012 hafi félagið Go Car Rental ehf. verið stofnað. Muni fyrirtækið hafa fengið starfsleyfi 1. mars 2012 til að reka bílaleigu undir heitinu „Go Car Rental ehf.“, en framkvæmdastjóri félagsins sé skráður fyrirvarsmaður bílaleigunnar samkvæmt skránni. Go Car Rental ehf. sé því samkeppnisaðili kæranda. Þann 21. febrúar 2012 hafi framkvæmdastjóri Go Car Rental ehf. fengið skráð lénið „heklacarrental.is“ hjá Interneti á Íslandi (ISNIC), sem annist skráningu léna undir íslenska rótarléninu .is, án samþykkis kæranda. Þá skráningu hafi framkvæmdastjórinn sótt þrátt fyrir að lénið innihéldi firmanafn og vörumerki kæranda og þrátt fyrir að lénið væri enskt heiti á bílaleigu sem væri samkeppnisaðili Go car rental ehf. Hvorki félagið né framkvæmdastjórinn hafi varað kæranda við eða leitað samþykkis hans. Hafi þó mátt vera ljóst að skráning og notkun lénsheitisins væri til þess fallin að valda ruglingi við kæranda og bílaleigu kæranda, ekki síst í ljósi samfelldrar notkunar kæranda hér á landi á heiti sínu í viðskiptum tengdum bifreiðum um áratuga skeið og hversu hin enska þýðing á heiti bílaleigu kæranda sé þýðingarmikil þar sem stór hluti viðskiptavina íslenskra bílaleiga séu erlendir ferðamenn.
8. Hvorki lénið né auðkennið „heklacarrental“ hafi verið notað að neinu leyti í starfsemi Go Car Rental ehf. eða framkvæmdastjóra þess, sem hafi því enga lögvarða hagsmuni af því að skrá heitið í trássi við rétt kæranda. Með því að halda skráningu lénsheitisins „heklacarrental.is“ komi framkvæmdastjóri Go Car Rental ehf. þannig í veg fyrir að kærandi fái réttilega skráð lénsheitið fyrir starfsemi sína, sem innihaldi vörumerki þess og sé bæði sérstakt og einkvæmt auðkenni sem sé einungis lýsandi fyrir kæranda en ekki fyrir starfsemi Guðmundar Hlyns eða Go Car Rental ehf. Þá sé skráningin til þess fallin að veita neytendum villandi upplýsingar um eignarrétt og ábyrgð á umræddri starfsemi.
9. Kærandi telji að notkun lénsins sé óheimil þar sem Guðmundur Hlynur hafi ekki rétt til firmanafns eða verslunarmerkis kæranda eða til skráðs heitis bílaleigu þess, hvort sem er á íslensku eða ensku. Kærandi hafi ítrekað farið fram á það við Guðmund Hlyn að lénið verði afskráð svo kærandi geti skráð lénið og nýtt það í atvinnustarfsemi sinni. Við því hafi ekki verið orðið. Með vísan til 15. gr. a laga nr. 57/2005, sbr. 2. mgr. 21. gr. b, 22. gr. og 23. gr. sömu laga sé þess óskað að Neytendastofa grípi til aðgerða gagnvart Guðmundi.
10. Með bréfum, dags. 31. mars 2015, 13. apríl 2015 og 15. apríl 2015, óskaði Neytendastofa eftir afstöðu Guðmundar Hlyns Gylfasonar til erindis kæranda. Engin svör bárust Neytendastofu.

### **ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU**

11. Í hinni kærðu ákvörðun kemur fram að Neytendastofa hafi að eigin frumkvæði rannsakað skráningu og notkun umrædds léns. Skráður rétthafi þess sé Guðmundur Hlynur Gylfason. Enga vefsíðu eða aðra starfsemi sé að finna undir léninu. Hvorki rannsókn Neytendastofu né framlögð gögn málsins bendi til þess að lénið hafi verið notað í atvinnustarfsemi af nokkru tagi frá því að það hafi verið skráð hjá ISNIC lénskrá þann 21. febrúar 2012. Umrætt lén sé þannig ekki skráð í atvinnustarfsemi og engin atvinna sé rekin undir léninu. Þá verði ekki séð

að skráning lénsins ein og sér leiði til þess að villst verði á því og auðkennum kæranda. Að svo fram komnu máli telji Neytendastofa ekki tilefni til frekari aðgerða vegna kvörtunar kæranda.

## **RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU**

12. Í kæru, dags. 2. júní 2015, eru áréttaðir málavextir svo sem þeim er lýst í kvörtun til Neytendastofu og hinni kærðu ákvörðun. Þar kemur fram að þegar Guðmundur Hlynur Gylfason, framkvæmdastjóri Go Car Rental ehf., hafi fengið lénið heklacarrental.is skráð hjá Interneti á Íslandi hf. á eigið nafn hafi honum mátt vera ljóst að skráningin og notkun lénsheitisins væri til þess fallin að valda ruglingi við bílaleigu kæranda. Vísi kærandi sérstaklega til samfelldrar notkunar sinnar á heiti sínu í viðskiptum tengdum bifreiðum og hversu hin enska þýðing á heiti bílaleigu hans sé þýðingarmikil þar sem stór hluti viðskiptavina íslenskra bílaleiga séu erlendir ferðamenn. Hvorki lénið né auðkennið „heklacarrental“ hafi verið notað í starfsemi Go Car Rental ehf. eða framkvæmdastjóra þess, sem hafi því enga lögvarða hagsmuni af því að skrá sér heitið í trássi við rétt kæranda. Með skráningu lénsins sé komið í veg fyrir að kærandi fái réttilega skráð lénsheiti fyrir starfsemi sína sem innihaldi vörumerki þess og sé bæði sérstakt og einkvæmt auðkenni sem sé einungis lýsandi fyrir hana, en ekki fyrir starfsemi Guðmundar Hlyns eða Go Car Rental ehf. Þá sé skráningin til þess fallin að veita neytendum villandi upplýsingar um eignarrétt og ábyrgð á umræddri starfsemi. Brjótí háttsemin gegn 5. og 15. gr. a laga nr. 57/2005 sem og 1. málslíð 1. mgr. 5. gr. laga nr. 64/2000 um starfsemi bílaleiga sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 790/2006.
13. Í hinni kærðu ákvörðun sé á því byggt að skráning lénsins án uppsetningar vefsíðu eða annarrar notkunar brjótí ekki gegn umræddum ákvæðum. Að mati kæranda geti viðskiptahættir brotið í bága við ákvæði laga sé komið í veg fyrir að samkeppnisaðili fái réttilega nýtt auðkenni sín þótt sá sem brotið fremji fylgi þeim athöfnum eftir með athafnaleysi, svo sem að setja ekki upp vefsíðu á léninu. Þá gangi hin kærða ákvörðun gegn úrskurði áfrýjunarnefndarinnar frá 24. mars 2011 í máli nr. 18/2010. Af úrskurðinum verði ráðið að í skráningu léns felist að vænta megi frekari notkunar þess og að brot gegn 15. gr. a geti falist í skráningu léns án þess að þar þurfi að hafa verið komið upp vefþjónustu, tölvupóstþjónustu eða annari slíkri þjónustu.
14. Með bréfi, dags. 8. júní 2015, var óskað eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Svar barst með greinargerð, dags. 16. sama mánaðar. Eru þar málavextir raktir sem og almenn sjónarmið um beitingu 15. gr. a laga nr. 57/2005. Þá kemur fram að Neytendastofa telji að skráning léns af hálfu einstaklings sem ekki teljist keppinautur kæranda og án nokkurra sýnilegra áforma um notkun þess eða hagnýtingu í atvinnurekstri feli ekki í sér brot gegn 15. gr. a eða teljist til óréttmætra viðskiptahátta samkvæmt 5. gr. laga nr. 57/2005. Vísi Neytendastofa til hliðsjónar til dóms Eystri landsréttar Danmerkur, UfR 2001.697 Ø, en í því máli hafi einstaklingur skráð lén sem líktist vörumerki tiltekins fyrirtækis. Í dóminum hafi verið lagt til grundvallar að

skráning ein og sér fæli ekki í sér brot gegn samsvarandi efnisreglu og felist í 15. gr. a laga nr. 57/2005.

15. Þá telji Neytendastofa að vísun kæranda til úrskurðar áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 18/2010 hafi ekki þýðingu fyrir úrlausn málsins þar sem atvik séu ekki sambærileg. Í fyrirbyggjandi máli sé um að ræða einstakling sem geti ekki sem slíkur talist keppinautur kæranda. Í hinu tilvitnaða máli hafi á hinn bóginn verið um að ræða starfandi lögmann og því bæði fyrir að fara mikilli þjónustu- og hljóðlíkingu með auðkennum. Neytendastofa telji að þrátt fyrir að hljóðlíking sé með auðkennum kæranda og léns Guðmundar Hlyns verði ekki horft framhjá því að Guðmundur Hlynur sé einstaklingur og sem slíkur ekki keppinautur kæranda þrátt fyrir að hafa tengsl við fyrirtækið Go Car Rental ehf. Ósennilegt sé að neytendur komi til með að ruglast á bílaleigu þeirri sem kærandi reki og bílaleigu Go Car rental ehf. á grundvelli vefsíðu sem ekki sé til og markaðssetningu sem ekki sé til staðar. Líta verði til þess að engin starfsemi fari fram á léninu og engin gögn hafi verið lögð fram um áform af neinu tagi um notkun eða hagnýtingu lénsins í atvinnustarfsemi.
16. Með bréfi, dags. 19. júní 2015, var kæranda gefinn kostur á að gera athugasemdir við greinargerð Neytendastofu. Svar barst með bréfi kæranda, dags. 26. júní 2015. Þar er tekið fram að yfirlýsing Neytendastofu, um að skráning umrædds léns hafi verið gerð af einstaklingi sem ekki teljist keppinautur kæranda, sé ekki studd neinum rökum. Gögn málsins leiði í ljós að Guðmundur Hlynur sé beinlínis fyrirsvarsmaður keppinautar kæranda og hann standi því svo nærri keppinautnum að viðkomandi viðskiptaháttum verði ekki skotið á bak við að skráning umrædds léns hafi farið fram eingöngu á nafni hans en ekki félagsins. Ekki sé síður brýnt að benda á að yfirlýsing Neytendastofu, um að fyrirsvarsmaðurinn sé ekki keppinautur kæranda, komi hvergi fyrir í hinni kærðu ákvörðun og sé þar engin afstaða tekin til þeirrar málsástæðu kæranda að þeir eigi í slíkri samkeppni. Þá hafi stofnunin í ákvörðun sinni hvorki vísað til gagna um meint sjálfstæði framkvæmdastjórans frá félagi hans né veitt kæranda kost á að koma að afstöðu sinni eða frekari gögnum varðandi þetta atriði, sem nú sé komið í ljós að hafi verið meginforsenda hinnar kærðu ákvörðunar.
17. Kærandi árétti að hann telji, öfugt við Neytendastofu, að niðurstaða úrskurðar áfrýjunarnefndarinnar í máli nr. 18/2010 eigi einnig við um mál kæranda. Í umræddum úrskurði hafi viðkomandi lögmennt stundað starfsemi sína í sitt hvoru félaginu. Ekki verði séð af úrskurðinum að það hafi nokkru máli skipt hvort þeir komu fram í nafni félaga sinna eða í eigin nafni, enda hafi nástaða viðkomandi lögmanns verið jafn augljós og í því máli sem hér sé deilt um. Í því sambandi megi einnig benda á að Guðmundur Hlynur hafi einnig skráð lénid heklacarental.com og að sú skráning sé á nafn fyrirtækis hans, en í skráningargögnunum hafi hann tekið fram að hann væri sjálfur bæði stjórnunarlegur og tæknilegur tengiliður vegna skráningarinnar. Þá sjáist af gögnunum enn frekar að atvinnustarfsemi Guðmundar Hlyns og Go car rental ehf. renni saman, þar sem þar komi fram að hann hafi skráð lénid goicelandcarrental.com á sitt nafn og tilgreint að fyrirtæki skráningaraðila sé Go Car Rental

ehf. Vafalaust sé að framkvæmdastjóri Go Car Rental ehf. sé ásamt félagi sínu í samkeppni við kæranda ekki síður en þeir lögmenn sem fjallað hafi verið um í fyrrgreindum úrskurði áfrýjunarnefndarinnar.

18. Kærandi hafni því að dómur Eystri landsréttar, sem vísað sé til af hálfu Neytendastofu, eigi við í málinu, enda hafi ekkert komið fram í því máli um að viðkomandi skráningaraðili, sem í því tilviki hafi verið einstaklingur, hafi haft nokkur tengsl við samkeppnisaðila kvartanda, hvað þá að staða hans hafi verið sambærileg við stöðu Guðmundar Hlyns í þessu máli. Þess utan taki sá dómur ekki á því álitaefni sem hér reyni á, þ.e. hvort skráning léna án eftirfarandi nýtingar geti talist til óréttmætra viðskiptahátta – en það hafi hins vegar áfrýjunarnefnd neytendamála gert. Að öðru leyti hafni kærandi því sem fram komi í bréfi Neytendastofu um að ósennilegt verði að teljast að neytendur ruglist á bílaleigu þeirri sem kærandi reki og bílaleigu Go Car Rental ehf. á grundvelli vefsíðu sem ekki sé til og markaðssetningu sem ekki sé til staðar, m.a. þar sem að engin starfsemi fari fram á léninu og engin gögn hafi verið lögð fram um áform um notkun eða hagnýtingu lénsins í atvinnustarfsemi. Kærandi byggir þvert á móti á því að atvik séu að þessu leyti hin sömu og í fyrrnefndum úrskurði áfrýjunarnefndarinnar. Því eigi hið sama við.
19. Með bréfi, dags. 15. júlí 2015, var Go Car rental ehf. gefinn kostur á að gera athugasemdir við kærana. Ekkert svar barst við erindi nefndarinnar.

## **NIÐURSTAÐA**

20. Í máli þessu leitar kærandi endurskoðunar á þeirri ákvörðun Neytendastofu að aðhafast ekki í tilefni af kvörtun kæranda vegna notkunar Go Car Rental ehf. á léninu heklacarental.is. Telur kærandi að notkun lénsins brjóti í bága við 15. gr. a laga nr. 57/2005. Í hinni kærðu ákvörðun er einkum vísað til þess að umrætt lén sé ekki notað í atvinnuskyni og að ekki verði séð að skráning framkvæmdastjóra Go Car Rental ehf. á léninu í hans nafni leiði ein og sér til þess að villst verði á því og auðkennum kæranda.
21. Svo sem rakið er í hinni kærðu ákvörðun, kærðu og greinargerð Neytendastofu mun Guðmundur Hlynur Gylfason þann 21. febrúar 2012 hafa skráð lénid heklacarental.is hjá Interneti á Íslandi ehf. Kærandi skráði á hinn bóginn vörumerkið „Hekla“ í vörumerkjaskrá árið 1975 í fjölmörgum flokkum en þ. á m. er flokkur 12: Ökutæki; tæki til flutninga á landi, í lofti eða á legi. Þá fékk kærandi 20. júlí 2011 starfsleyfi til að reka bílaleigu undir heitinu Hekla – Bílaleiga. Auk þess að vera framkvæmdastjóri Go Car Rental ehf. situr Guðmundur Hlynur Gylfason í stjórn fyrirtækisins og fer með prókúrumboð fyrir það. Guðmundur hefur hvorki látið málið til sín taka fyrir Neytendastofu né áfrýjunarnefndinni.
22. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 57/2005 eru óréttmætir viðskiptahættir bannaðir. Gildir bannið áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Er nánar tilgreint í III.-V. köflum laganna hvað teljist óréttmætir viðskiptahættir. Í V. kafla er kveðið á um það í

15. gr. a að óheimilt sé að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Samkvæmt síðari málslið ákvæðisins er enn fremur sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.

23. Regla fyrri málsliðarins bannar að aðili noti auðkenni sem er í eigu annars. Auðkenni kæranda, Hekla eða Hekla bílaleiga, eru ekki hin sömu og lén Guðmundar Hlyns Gylfasonar heklacarrental.is og kemur umræddur málsliður því ekki til skoðunar. Á hinn bóginn kemur til skoðunar hvort notkun Guðmundar á léninu geti leitt til þess að villst verði á því og auðkennum kæranda, sbr. 2. málslið 15. gr. a laga nr. 57/2005. Er einkum uppi ágreiningur um það hvort skráning hans á léninu ein og sér geti talist notkun á auðkenni í skilningi ákvæðisins þótt ekki hafi verið sett upp sérstök vefsíða á léninu.
24. Svo sem bent er á af hálfu Neytendastofu hefur í dönskum rétti verið við það miðað að það brjóti ekki gegn sambærilegu ákvæði í lögum um viðskiptahætti og ákvæði 15. gr. a laga nr. 57/2005 þótt einstaklingur eða fyrirtæki skrái lén með nafni fyrirtækis í því skyni að selja viðkomandi fyrirtæki lénið aftur dýru verði. Hefur slík háttsemi á hinn bóginn verið talin brjóta gegn ákvæði laganna um skyldu fyrirtækja til að viðhafa góða viðskiptahætti. Í dönskum rétti gilda sérstök lög um rétt einstaklinga og lögaðila til lénsheita en sambærileg lögjöf er ekki til staðar í íslenskum rétti.
25. Áfrýjunarnefnd neytendamála hefur komist að þeirri niðurstöðu í úrskurði 24. mars 2011 í máli nr. 18/2010 að á grundvelli laga nr. 57/2005 beri að banna fyrirhugaða notkun léna, sem ekki er þegar hafin, ef ljóst er að slík notkun myndi brjóta gegn 15. gr. a laga nr. 57/2005. Í þess konar tilvikum skuli einnig gera þeim sem er skráður fyrir viðkomandi léni að afskrá það. Í umræddum úrskurði áfrýjunarnefndarinnar lá fyrir að skráður lénshafi var í samkeppni við fyrirtæki það sem átti rétt til auðkennis sem auðvelt var að rugla saman við lénsheitið en í umræddu tilviki voru lénin ekki í notkun.
26. Svo sem að framan er rakið er lénið heklacarrental skráð á nafn Guðmundar Hlyns Gylfasonar framkvæmdastjóra, stjórnarmanns og prókúruhafa bílaleigunnar Go Car Rental ehf. Kærandi hefur hins vegar skráð vörumerkið Hekla og hefur starfsleyfi til reksturs bílaleigu undir heitinu Hekla - Bílaleiga. Augljós ruglingshætta er á milli slíkrar starfsemi og auðkenna kæranda og lénsheitisins heklacarrental.is. Þótt ekki liggi fyrir skýr afstaða Guðmundar Hlyns um markmið hans með skráningu lénsins verður að telja að í ljósi þess að umrætt lénsheiti vísar beinlínis til reksturs bílaleigu, og tengsla Guðmundar Hlyns við slíkan rekstur, að fyrirhuguð notkun hans á léninu brjóti gegn 15. gr. a laga nr. 57/2005. Með vísan til þessa og fyrrnefnds úrskurðar áfrýjunarnefndarinnar verður að telja að skráning Guðmundar Hlyns á léninu heklacarrental.is feli í sér brot á 15. gr. a laga nr. 57/2007. Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b laga nr. 57/2005 verður honum bönnuð notkun lénsins auk þess sem honum verður gert að afskrá það.

## ÚRSKURÐARORÐ:

Guðmundi Hlyn Gylfasyni er bönnuð notkun lénsins heklacarrental.is. Bannið tekur gildi fjórum vikum eftir dagsetningu úrskurðar þessa. Skal Guðmundur á þeim tíma afskrá lénið hjá Interneti á Íslandi ehf.

Hildur Dungal

Egill Heiðar Gíslason

Halldóra Þorsteinsdóttir